

# Rio Tinto

Janúar 2012  
[www.riotinto.com](http://www.riotinto.com)

**Staðall um  
heilindi í viðskiptum  
(gegn spillingu)**

## Það mikilvægasta sem þú þarft að vita

### Málefni er alla varða

- Rio Tinto leggur bann við mútum og spillingu í öllum sínum birtingarmyndum.
- Óheimilt er að bjóða eða þiggja gjafir, afþreyingu, ferðir eða endurgreiðslu dagpeninga í því skyni að verðlauna eða ýta undir fyrirgreiðslu.
- Rio Tinto tekur ekki þátt í flokkapólitík. Fyrirtækið innir hvorki af hendi greiðslur til stjórnmalaflokka né til einstakra stjórnmalamanna.
- Rio Tinto veitir ekki framlög í góðgerðarskyni né innir af hendi greiðslur sem hægt væri að túlka sem mútur eða greiðslur til að ná fram óeðlilegri fyrirgreiðslu í viðskiptum.
- Allir innan Rio Tinto bera ábyrgð á að tilkynna brot á þessum staðli<sup>1</sup>

### Frekari málefni er varða stjórn samstæðunnar

- Rio Tinto mun rannsaka allan grun um brot.
- Bókhalð og skjöl Rio Tinto verða að vera nákvæm.
- Starfsmenn sem stöðu sinnar vegna gegna störfum þar sem mögulega reynir sérstaklega á eftirfylgni við þennan staðal skulu hljóta viðeigandi þjálfun til að draga úr áhættunni á að hegðun stangist á við hann.
- Rio Tinto vill að í öllum rekstrareiningum þar sem félagið á hagsmuna að gæta, verði innleiddir staðlar gegn spillingu, svipuðum þessum, og þeim fylgt eftir.

## Efnisyfirlit

<b>Það mikilvægasta sem þú þarft að vita</b>	<b>1</b>
<b>Inngangur</b>	<b>3</b>
<b>Heilindi samstæðunnar og skuldbinding um eftirfylgni</b>	<b>5</b>
<b>Almennar skilgreiningar</b>	<b>6</b>
<b>Hluti A – Málefni er alla varða</b>	<b>9</b>
1.0 Mútur, spilling og kúgun	9
2.0 Gjafir, afþreying, ferðir og endurgreiðsla dagpeninga	10
3.0 Stjórnmalapátttaka	23
4.0 Framlög í góðgerðarskyni og kostun	24
5.0 Að tilkynna um mútur, spillingu og brot	27
<b>Hluti B – Frekari málefni er varða stjórn samstæðunnar</b>	<b>28</b>
6.0 Að tilkynna til háttsettra yfirmanna og rannsóknir	28
7.0 Bókhalð og skjöl og innra eftirlit	29
8.0 Fræðsla til að draga úr áhættunni á skorti á eftirfylgni	30
9.0 Samrekstrarfyrirtæki	32

<sup>1</sup>háð landslögum

## Inngangur

<b>Hvað er þessi staðall?</b>	Þessi staðall inniheldur kröfur sem fyrirtæki samstæðunnar þurfa að innleiða í eftirlitskerfið sitt.
<b>Fyrir hverja gildir staðallinn?</b>	Öll fyrirtæki samstæðunnar, starfsmenn og helstu verktakar (sem nær líka yfir ráðgjafa og aðra þjónustuveitendur) innan Rio Tinto samstæðunnar verða að fara eftir staðlinum. Brot á honum kunna að leiða til refsinga upp að og að meðtaldri uppsögn. Brot kunna líka að hafa í för með sér almenn og refsiviðurlög.
<b>Hvað gerist ef ég fylgi staðlinum en við missum viðskiptin?</b>	Rio Tinto styður fyllilega starfsmenn sína og helstu verktaka sem fylgja þessum staðli. Enginn starfsmaður né náinn verktaki mun líða fyrir að hafna því að taka þátt í aðgerðum sem eru ekki í samræmi við þennan staðal þó við missum viðskipti í kjölfarið.  Ef staðallinn er frábrugðinn landslögum, mun Rio Tinto fylgja eftir reglugerðinni sem er strangari.
<b>Hvenær tekur staðallinn gildi?</b>	Þessi staðall gengur í gildi 1. janúar 2012, nema yfirmaður eftirlitssviðs Rio Tinto tilkynnir um annað.
<b>Hver á þennan staðal?</b>	Eftirlitssvið Rio Tinto.
<b>Hver er ábyrgur fyrir þessum staðli?</b>	Forstjórar vörusviða og stuðningsdeilda, sem jafnframt sitja í framkvæmdastjórn Rio Tinto, bera ábyrgð á innleiðingu þessa staðals innan síns sviðs og að honum sé framfylgt.

### Hvar get ég fengið frekari upplýsingar?

Verkfærakistan gegn spillingu inniheldur sniðmát og leiðbeinandi athugasemdir til að aðstoða fyrirtæki samstæðunnar. Verkfærakistuna er að finna á Kynningarsíðu eftirlitssviðs Rio Tinto.

Ef þú hefur einhverjar spurningar um hvort ákveðin háttsemi sé í samræmi við þennan staðal eða gildandi lög skaltu ræða við yfirmann þinn og/eða hafa samband við eftirlitssvið Rio Tinto. Upplýsingar um tengiliði er að finna á Kynningarsíðu eftirlitssviðs Rio Tinto.

Ef þú vilt koma á framfæri ábendingum vegna þessa staðals eða fylgiskjala hans, vinsamlega sendu tölvupóst á [compliance6@riotinto.com](mailto:compliance6@riotinto.com)

### Skilgreiningar

Hugtök sem skilgreind eru og koma einungis fram í einum hluta eru birt í upphafi þess hluta. Hugtök sem notuð eru í fleiri en einum hluta eru birt í hlutanum um Skilgreiningar.

## Heilindi samstæðunnar og skuldbinding um eftirfylgni

Skuldbinding Rio Tinto um heilindi og eftirfylgni kemur fram í þannig vinnum við:

**“Öllum er okkur skylt að starfa af heilindum þegar við komum fram fyrir hönd Rio Tinto. Hvarvetna þar sem við störfum er starfsfólki okkar ætlað að starfa í samræmi við landslög, þannig vinnum við og stefnu og staðla Rio Tinto. Vanþekking á lögum er ekki afsökun fyrir að brjóta þau og því er okkur skylt að þekkja þau lög sem tengjast starfsemi okkar.”**

Þessi skuldbinding endurspeglar helstu gildi okkar. Hún gerir okkur kleift að vera fyrsta flokks vinnuveitandi og nágranni. Hún hjálpar okkur að starfa í samræmi við lög og er nauðsynleg fyrir góðan árangur samstæðunnar til langtíma litið.

Til að styðja þessa skuldbindingu og til að skapa öflugan og gagnsæjan starfsanda sem stuðlar að heilindum og eftirfylgni höfum við innleitt kerfi um heilindi og eftirfylgni innan samstæðunnar. Þessi staðall um heilindi í viðskiptum (gegn spillingu) er lykilþáttur í því kerfi.

## Almennar skilgreiningar

**Samstarfsaðili** nær yfir:

- einstakling sem persónuleg viðskipti fara fram við;
- náinn vin;
- einstakling sem er fjárvörsluaðili í sjóði sem starfsmaður eða helstu verktakar geta haft hag af; eða
- stjórnanda eða fulltrúa fyrirtækis eða annarrar einingar þar sem starfsmaðurinn eða helstu verktakar hafa umtalsverð áhrif.

**Helstu verktakar** þýða verktakar, ráðgjafar og aðrir þjónustuveitendur sem eru „Verktakar í 1. flokki” og aðrir sem fyrirtæki samstæðunnar ákveða að þurfi að undirgangast fræðslu í eftirfylgni.

**ATHUGIÐ:**

Leiðbeiningar varðandi þetta hugtak er að finna í *Leiðbeiningum gegn spillingu*.

**Verktaki** nær yfir þá einstaklinga sem eru tímabundið ráðnir í gegnum ráðningarskrifstofu eða fyrirtæki.

**Starfsmaður** nær yfir stjórnendur, fulltrúa og starfsfólk (hvort sem það er fast- eða lausráðið, í fullu eða hlutastarfi) og þá sem eru ráðnir tímabundið beint af Rio Tinto samstæðunni, en það nær ekki yfir verktaka.

**GBCP** þýðir eftirlitskerfi samstæðunnar sem er í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í *staðli Rio Tinto um eftirfylgni*.

## Almennar skilgreiningar – framhald

### Fulltrúi stjórnvalda nær yfir:

- fulltrúa eða starfsmann stjórnvalda eða fyrirtækis í eigu stjórnvalda;
- fulltrúa eða starfsmann í umboði stjórnvalda eða eftirlitsaðila stjórnvalda;
- fulltrúa eða starfsmann stjórnvaldaflokks eða frambjóðanda í stjórnámálum;
- alla fulltrúa eða starfsmenn opinberra alþjóðasamtaka eins og Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðabankans eða Alþjóðagjaldeyrissjóðsins;
- meðlimi dómskerfisins eða dómaraembættis;
- einstakling sem fer með eða leysir af hendi skyldur embættis eða stöðu sem tilkomin er vegna hefðar eða venju, þar eru meðtaldir sumir meðlimir konungsfjölskyldna og sumir ættbálkaleiðtogar;
- einstakling sem er, eða segist vera, milligöngumaður með réttmætt umboð fyrir fulltrúa stjórnvalda; eða
- aðstandanda eða samstarfsmann slíks fulltrúa stjórnvalda.

### ATHUGIÐ:

- a) “Fulltrúar stjórnvalda” ná líka yfir lögregluþjóna, tollfulltrúa og fulltrúa skattfirvalda, starfsmenn fyrirtækja í ríkiseigu, fulltrúa stjórnvaldaflokka og börn eða aðra aðstandendur fulltrúa stjórnvalda eða stjórnvaldaflokks.
- b) Ef þú ert í vafa um hvort að einstaklingur sé fulltrúi stjórnvalda eða hvort fyrirtækið sé í eigu stjórnvalda, átt þú að ráðfæra þig við eftirlitssvið Rio Tinto.

### Fyrirtæki samstæðunnar/samsteypunnar nær yfir:

- vörflokka innan Rio Tinto; eða
- samansafn rekstrareininga á heimsvísu undir stjórn framkvæmdastjórnar Rio Tinto.

**Forstjóri fyrirtækis** er forstjóri vörflokks, stuðningsdeilda eða rekstrareininga á heimsvísu, og er fulltrúi þeirra framkvæmdastjórn Rio Tinto.

**Innra eftirlit** nær yfir *þannig vinnum við*, stefnu fyrirtækisins og annað innra eftirlit sem hannað er til að tryggja eftirfylgni við skyldur og að stjórn sé á áhættum við skort á eftirfylgni.

**Útnefnt land** hefur færri en 6,5 stig í nýjustu alþjóðlegum skilmálum um gagnsæi gegn spillingu.

**Aðstandandi** þýðir náskyldur fjölskyldumeðlimur og nær yfir maka, sambýlisfólk, foreldra, börn og systkin, hvort sem þau eru blóðtengd, eða í gegnum hjónaband eða ættleiðingu (þ.m.t. tengdafólk) og aðstandandi nær líka yfir alla sem búa á heimili viðkomandi (nema leigjendur eða vinnufólk).

**Rio Tinto, Rio Tinto samstæðan/samsteypan** eða **samstæðan/samsteypan** þýðir Rio Tinto plc, Rio Tinto Limited og öll fyrirtæki sem eru í beinni eða óbeinni, fullri eða meirihlutaeigu, eða stýrt af, Rio Tinto plc eða Rio Tinto Limited.

### ATHUGIÐ:

Þessi skilgreining nær ekki yfir einingar eins og Queensland Alumina Limited, þar sem hvorki Rio Tinto plc né Rio Tinto Limited eru meirihlutaeigendur. Ef þú ert í vafa um hvort að rekstrareining tilheyri Rio Tinto samstæðunni, vinsamlega hafðu þá samband við Lögfræðisvið Rio Tinto.

**Rio Tinto starfsfólk** nær yfir starfsmenn Rio Tinto og helstu verktaka.

## Hluti A – Málefni er alla varða

### 1.0 Mútur, spilling og kúgun

*Rio Tinto leggur bann við mútum og spillingu í öllum sínum birtingarmyndum.*

Eftirfarandi skilgreiningar gilda fyrir þennan hluta:

**Greiðslur til að liðka fyrir viðskiptum „Facilitation payments”** eru óopinberar greiðslur (venjulega fyrir litla upphæð) til fulltrúa stjórnvalda (oft á lágum valdastigum) til að tryggja eða flýta fyrir alvanalegum aðgerðum eða þjónustu sem einstaklingur eða fyrirtæki á rétt á. Þessar greiðslur eru óheimilar.

**Mútur eru bannaðar.** Starfsfólk Rio Tinto má ekki standa fyrir, eða eiga aðild að mútum eða spillingu. Þú mátt ekki, beint eða óbeint, bjóða, lofa, gefa, krefjast né þiggja neinar mútur eða aðra fyrirgreiðslu til þess að ná, halda eða stýra viðskiptum, eða tryggja nokkra aðra óeðlilega fyrirgreiðslu í viðskiptaháttum þínum. Þetta gildir hvort sem er um viðskipti við stjórnvöld, einstaklinga eða einkafyrirtæki.

**Greiðslur til að liðka fyrir viðskiptum eru óheimilar.** Rio Tinto starfsfólk má ekki bjóða né inna af hendi greiðslur sem liðka fyrir viðskiptum, beint né óbeint, til fulltrúa stjórnvalda.

**Innið aldrei af hendi greiðslur til fulltrúa stjórnvalda nema með þeim hætti sem þessi staðall kveður á um.** Starfsfólk Rio Tinto má ekki inna af hendi greiðslur til einstaklings sem er fulltrúi stjórnvalda nema eins og kveðið er á um í þessum staðli.

ATHUGIÐ:

Leiðbeiningar fyrir leyfilegar greiðslur til stjórnvalda er að finna í Leiðbeiningum gegn spillingu.

**Greiðslur til að tryggja öryggi þitt eru leyfðar.** Þegar starfsfólk Rio Tinto stendur frammi fyrir kúgunarkröfum sem fela í sér beina eða óbeina hótun við persónulegt öryggi þess, má það inna af hendi greiðslur sem væru annars óheimilar. Undir slíkum kringumstæðum þarf fyrirtækið innan samstæðunnar að tryggja að slíkar greiðslur séu:

- skráðar rétt í bókhald Rio Tinto sem greiðslur vegna kúgunar sem inntar hafa verið af hendi til að tryggja persónulegt öryggi; og
- að viðeigandi forstjóri fyrirtækisins innan samstæpunnar sé látinn vita eins fljótt og auðið er ásamt yfirmanni eftirlitssvið á heimsvísu og yfirmanni öryggismála á heimsvísu.

### 2.0 Gjafir, afþreying, ferðir og endurgreiðsla dagpeninga

*Óheimilt er að bjóða eða þiggja gjafir, afþreyingu ferðir eða endurgreiðslu dagpeninga í því skyni að verðlauna eða ýta undir fyrirgreiðslu.*

Fyrir þennan hluta gilda eftirfarandi skilgreiningar:

**Hagsbót** þýðir gjafir, afþreying og ferðir.

ATHUGIÐ:

Þetta hugtak nær ekki yfir endurgreiðslu dagpeninga.

Hámark lands þýðir mörkin sem sett eru fyrir land eins og það birtist á Kynningarsíðu eftirlitssviðs Rio Tinto – gegn spillingu.

Afþreying undanskilur hæfilegar (en ekki of rausnarlegar) máltíðir sem tengjast kynningu, sýningu eða umræðum um Rio Tinto viðskipti.

Stjórnkerfi fyrir kostnað þýðir kerfi sem fyrirtæki samstæpunnar notar til að vinna úr kröfum á endurgreiðslu kostnaðar frá starfsmönnum.

Gjafir þýða allt sem er einhvers virði og er veitt eða þegið og viðtakandinn greiðir ekki eðlilegt markaðsvirði fyrir.

Endurgreiðsla dagpeninga þýðir greiðsla (venjulega reiknuð út á daglegum grundvelli) sem metur fölskvalaust hæfilegan kostnað við ferðir, máltíðir, gistingu og annan eðlilegan kostnað sem þriðji aðili verður fyrir vegna mætingar á Rio Tinto viðskiptafund eða viðburð.

## 2.0 Gjafir, afþreying, ferðir og endurgreiðsla dagpeninga – framhald

### Yfirlitstafla um hagsbætur

Virði (þegar allar aðrar skyldur eru uppfylltar)	Skráning?	Þarf fyrirfram samþykki?
nafnverð**	Nei	Nei
< hámark lands	Já	Nei
> hámark lands	Já	Já; yfirmaður þinn
> 2 x hámark lands	Já	Já; Flokkur C eða ofar

\*\*Venjulega minna en 25% af hámarki lands. Sjá efnisgrein 2.5 að neðan.

#### ATHUGIÐ:

Fyrir hvert land verður hámark sett fyrir fulltrúa stjórnvalda og annað fyrir aðra þriðju aðila. Vísað er til efnisgreinar 2.7.

### 2.1 Gjafir, afþreying eða hagsbætur í formi ferða geta verið mútur

Óheimilt er að bjóða eða þiggja gjafir, afþreyingu, ferðir eða endurgreiðslu dagpeninga, beint eða óbeint, í því skyni eða með þeim afleiðingum að ná óeðlilegum, halda eða stýra viðskiptum, eða að tryggja óeðlilega fyrirgreiðslu í viðskiptum.

Allar hagsbætur verða að vera lögmætar samkvæmt lögum staðarins og stefnu þriðju aðila. Starfsfólk Rio Tinto má ekki lofa, bjóða eða gefa þriðju aðilum nokkrar hagsbætur sem lög staðarins og þekkt stefna fyrirtækis þriðja aðilans banna. Á sama hátt er þeim óheimilt að þiggja eða taka við nokkrum hagsbótum sem lög staðarins og þekkt stefna fyrirtækis þriðja aðilans banna.

**Gefið aldrei reiðufé.** Þú mátt ekki gefa peninga eða jafngildi þeirra (svo sem gjafakort, vottorð eða afsláttarmiða) sem gjafir í staðinn fyrir afþreyingu eða ferðir.

#### ATHUGIÐ:

Í einstaka kringumstæðum er venjan að inna af hendi beinar peningagreiðslur (t.d. við jarðarfarið í Japan). Þessi leið getur þá verið samþykkt fyrirfram af millistjórnanda, sem er í flokki C (framkvæmdastjóri/forstjóri) eða ofar.

## 2.0 Gjafir, afþreying, ferðir og endurgreiðsla dagpeninga – framhald

**Allar hagsbætur** sem þú lofar, býður, gefur, þiggur eða tekur við frá þriðju aðilum verða:

- að vera gefnar eða þáðar í nafni Rio Tinto og ekki í persónulegu nafni starfsmannsins eða verktakans;
- að vera venjubundnar, að tegund og verðmæti í viðkomandi landi og vera gefnar eða þáðar á viðeigandi tíma eða árstíma og/eða undir viðeigandi kringumstæðum;
- að vera gefnar eða þáðar með opnum hætti; og
- ekki að vera gefnar né þáðar frá einstaklingi sem hefur verið gefið, eða hefur þegið, hagsbætur oft en þrisvar sinnum á síðustu 12 mánuðum.

ATHUGIÐ:

Þegar þriðji aðili býður hópi starfsmanna eða hópi helstu verktaka hagsbætur, þá getur háttsettasti aðilinn sem viðstaddur er leitað eftir samþykki í samræmi við kröfur þessa staðals fyrir allan hópinn.

**Afþreying fyrir þriðju aðila.** Vegna allrar afþreyingar sem þú lofar, býður eða veitir þriðju aðilum þarf:

- Rio Tinto gestgjafinn að vera viðstaddur, þ.e. starfsmaður fyrirtækisins eða verktakinn sem gefur afþreyinguna;
- að fela í sér framkvæmd eða uppfyllingu samnings eða að vera innan eðlilegs ferlis við að kynna, sýna eða útskýra viðskipti Rio Tinto; og
- fyrir:
  - fulltrúa stjórnvalda, og
  - aðra þriðju aðila, þar sem afþreyingin er rausnarleg (svo sem boð á íþróttá- eða menningarviðburði þar sem miðar eru dýrir eða eftirsóttir, t.d. tenniskeppnir eða úrslitaleiki í heimsmeistarakeppnum eða frumsýningar í leikhús eða á fyrstu tónleika),

að koma á eftir:

- a) skriflegu boði frá Rio Tinto sem útskýrir fyrirkomulagið til vinnuveitanda viðtakandans sem boðin er afþreyingin, og
- b) skriflegu samþykki vinnuveitandans.

**Ferðir fyrir þriðju aðila.** Allar ferðir (þ.m.t. gisting og annar tengdur kostnaður) sem þú lofar, býður eða veitir þriðju aðilum:


- þurfa að fela í sér framkvæmd eða uppfyllingu samnings, eða að vera innan eðlilegs ferlis við að kynna, sýna eða útskýra viðskipti Rio Tinto;
  - þurfa að vera veitt af viðeigandi einstaklingum;
  - fyrir:
    - fulltrúa stjórnvalda, og
    - aðra þriðju aðila, þar sem ferðir eru milli landa,
- að koma á eftir:
- a) skriflegu boði frá Rio Tinto sem útskýrir fyrirkomulagið til vinnuveitanda viðtakandans sem boðin er ferðin, og
  - b) skriflegu samþykki vinnuveitandans
- þurfa að vera á plani sem ekki er hærra en leyfilegt er fyrir samsvarandi Rio Tinto starfsmenn;
  - mega ekki að fela í sér ferðir (eða gistingu) fyrir aðstandendur, samstarfsmenn eða aðra gesti viðtakandans; og
  - mega ekki að fela í sér stopp sem greitt eða endurgreitt er fyrir.

ATHUGIÐ:

Ef ákvörðunar er að vænta innan næstu 12 mánaða frá fulltrúa stjórnvalda eða vinnuveitanda þeirra þá getur þú ekki veitt þeim fulltrúa hagsbót án fyrirfram samþykkis yfirmanns (í flokki C eða hærrí) eins og kveðið er á um í efnisgrein 2.2.

## 2.0 Gjafir, afþreying, ferðir og endurgreiðsla dagpeninga – framhald

### 2.2 Hvenær er nauðsynlegt að fá samþykki fyrir hagsbótum?



Flæðiritið að ofan kveður á um það samþykki sem þarf samkvæmt efnisgrein 2.2 um hagsbætur.

**Ekkert samþykki:** Ef öllum reglum efnisgreinar 2.1 er framfylgt **OG** hagsbótin er jafn mikils eða minna virði en hámark landsins kveður á um, þá þarft þú ekki fyrirfram samþykki yfirmanns **samkvæmt þessum staðli**.

**ATHUGIÐ:**

Jafnvel þegar fyrirfram samþykkis er ekki krafist samkvæmt þessum staðli getur verið að fyrirtækið innan samsteypunnar geri kröfur sem þú verður að uppfylla.

**Fyrirfram samþykki yfirmanns:** Ef öllum reglum efnisgreinar 2.1 er framfylgt **OG** hagsbótin er meira virði en hámark landsins, en samt minna en tvisvar sinnum hámark landsins, þá þarf Rio Tinto starfsmaðurinn sem gefur eða þiggur hagsbótina að fá fyrirfram samþykki yfirmanns síns.

**Fyrirfram samþykki flokks C (framkvæmdastjóra/forstjóra):** Ef öllum reglum efnisgreinar 2.1 er **ekki** framfylgt **EÐA** hagsbótin er tvisvar sinnum eða meira virði en hámark landsins, þá þarf Rio Tinto starfsmaðurinn sem gefur eða þiggur hagsbótina að fá fyrirfram samþykki yfirmanns sem er í flokki C (framkvæmdastjóri/forstjóri) eða hærri.

**ATHUGIÐ:**

- Fyrirfram samþykki** þarf að vera **skriflegt** (hér er tölvupóstur meðtalinn). Það verður að fást **áður** en hagsbót er lokað, hún boðin eða gefin. Ef mögulegt er þarf samþykkið að fást áður en hagsbótin er þegin af Rio Tinto starfsmanni – ef það er ekki mögulegt, þá eins fljótt og auðið er.
- Engum er heimilt að heimila** nokkra hagsbót sem er eða kann að vera mútur – sjá fyrstu setningu efnisgreinar 2.1.

## 2.0 Gjafir, afþreying, ferðir og endurgreiðsla dagpeninga – framhald

### 2.3 Endurgreiðsla dagpeninga til þriðju aðila

#### ATHUGIÐ:

- a) Endurgreiðsla dagpeninga fer fram í undantekningartilfellum. Rio Tinto **hvetur ekki** til slíkra greiðslna, en í takmörkuðum tilfellum er leyfilegt að inna slíkar greiðslur af hendi.
- b) Alla endurgreiðslu dagpeninga verður að skrá sérstaklega. Ekki er hægt að meðhöndla slíkar greiðslur einvörðungu í gegnum stjórnkerfið fyrir kostnað.

#### Endurgreiðsla dagpeninga til þriðju aðila:

- má ekki vera framkvæmd til að hafa áhrif á þriðja aðilann til að ná fram eða halda viðskiptum með óeðlilegum hætti, né í greiðaskyni eða til hagsbóta;
- þarf að vera leyfileg samkvæmt lögum staðarins og þekktri stefnu fyrirtækisins sem þriðji aðilinn vinnur hjá;
- þarf að vera venjubundin, að tegund og verðmæti í viðkomandi landi;
- þarf að vera innt af hendi með opnum hætti;
- þarf að vera samþykkt skriflega af vinnuveitanda einstaklingsins sem fær endurgreiðslu dagpeninganna;
- má ekki fela í sér neina endurgreiðslu til skyldmennis, samstarfsmanns eða annars gests viðtakandans;
- má ekki hafa verið greidd með öðrum hætti af Rio Tinto;
- þarf að tengjast framkvæmd eða uppfyllingu samnings, eða að vera innan eðlilegs ferlis við að kynna, sýna eða útskýra viðskipti Rio Tinto; og
- þarf að vera jafn mikils eða minna virði en hámark landsins.

**Samþykki fyrir greiðslu dagpeninga til þriðju aðila er ætíð krafist.** Ef endurgreiðsla dagpeninganna er til fulltrúa sem starfar ekki fyrir stjórnvöld og uppfyllir allar ofangreindar kröfur, þá verður þú að fá fyrirfram skriflegt samþykki yfirmanns þíns. Vegna fulltrúa stjórnvalda verður þú hinsvegar að fá fyrirfram samþykki frá millistjórnanda sem er í flokki C (framkvæmdastjóra/forstjóra) eða hærri.

#### ATHUGIÐ:

- c) **Fyrirfram samþykki** þarf að vera **skriflegt** (hér er tölvupóstur meðtalinn). Það verður að fást **áður** en endurgreiðslu dagpeninga er lofað, hún boðin eða gefin.
- d) Mundu að „fulltrúi stjórnvalda“ felur líka í sér starfsmenn í fyrirtækjum sem stjórnvöld eiga.
- e) **Engum er heimilt að heimila nokkra endurgreiðslu sem er eða kann að vera mútur – sjá fyrstu setningu efnisgreinar 2.1.**

## 2.0 Gjafir, afþreying, ferðir og endurgreiðsla dagpeninga – framhald

### 2.4 Rio Tinto starfsmönnum sem boðin er endurgreiðsla dagpeninga þurfa samþykki

Hvorki þú, aðstandandi þinn né samstarfsmaður getið þegið neina endurgreiðslu dagpeninga frá þriðju aðilum vegna stöðu þinnar hjá Rio Tinto án fyrirfram skriflegs samþykkis:

- frá yfirmanni þegar dagpeningarnir eru minni en hámark landsins; eða
- frá millistjórnanda sem er í flokki C (framkvæmdastjóri/forstjóri) eða ofar, í öllum öðrum tilfellum.

Öll slík endurgreiðsla dagpeninga þarf að vera almennilega og gagnsætt skráð og skjalfest. Allar greiðslur þurfa að vera skráðar á viðkomandi fyrirtæki innan samsteypunnar.

### 2.5 Passaðu að skrá hagsbæturnar og endurgreiðslu dagpeninganna

Þú verður að skrá nákvæmlega allar hagsbætur sem veittar eru, eða þáðar, af þriðju aðilum í bókhald fyrirtækisins, **nema** ef þær eru eingöngu að **nafnverði**. Öll endurgreiðsla dagpeninga verður að vera rétt skráð í bókhald fyrirtækisins.

#### ATHUGIÐ:

Dæmi um hagsbætur sem eru eingöngu að nafnverði er að finna í *Leiðbeiningum gegn spillingu*. Almenn séð er nafnverð það sem er minna en 25% af hámarki lands.

#### Skráningin verður að innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- hvort hagsbótin var gjöf/afþreying/ferð/endurgreiðsla dagpeninga;
- eðli og tilgangur hennar;
- dagsetningin þegar hún var gefin eða þegin;
- upphæð og/eða virði hagsbótarinnar/hagsbótanna (fyrir hvern viðtakanda) og fyrir endurgreiðslu dagpeninga, á hvaða grundvelli útreikningar voru gerðir;
- stöðu viðtakanda/veitanda utan við Rio Tinto – einkafyrirtæki/einstaklingur eða opinber/opinbert fyrirtæki/fulltrúi stjórnvalda; og
- upplýsingar um viðtakanda/veitanda utan við Rio Tinto – fullt nafn, titill, deild og fyrirtæki/á vegum ríkisins.

#### Þegar hagsbótin krefst fyrirfram samþykkis yfirmanns eða er endurgreiðsla dagpeninga, verður bókhaldið líka að gefa:

- upplýsingar um alla aðra hagsbót sem þú veittir, eða þáðir frá viðtakandanum/veitandanum utan við Rio Tinto síðustu 12 mánuði;
- afrit af því samþykki sem krafist er samkvæmt þessum staðli; og
- upplýsingar um allar aðgerðir eða yfirsjónir í tengslum þess einstaklings við Rio Tinto síðustu 12 mánuði, eða sem eru líklegar til að eiga sér stað næstu 12 mánuði.

## 2.0 Gjafir, afþreying, ferðir og endurgreiðsla dagpeninga – framhald

Fyrirtæki innan samstæðunnar getur valið að skrá hagsbætur sem gefnar eru eða þáðar innan stjórnkerfis síns fyrir kostnað eða í skrá(r) sem haldin er í þeim tilgangi. Endurgreiðslu dagpeninga verður að bókfæra í skrá(r) sem haldin er í þeim tilgangi. Skráin(skrárnar) verða hluti af bókhaldinu og skjölunum sem fyrirtækið heldur utan um.

### ATHUGIÐ:

- Sniðmát fyrir skrá er að finna í *Verkfærakistunni gegn spillingu*.
- Allar færslur í stjórnkerfið fyrir kostnað vegna hagsbóta fyrir eða fyrir tilstilli starfsmanna og helstu verktaka verður að skrá að fullu leyti, þ.m.t. öll skrifleg samþykki sem þarf og tengd fylgiskjöl (þ.m.t. allar kvittanir, rukkanir, reikningar o.s.frv.).

### 2.6 Að ákvarða virði gjafa og afþreyingar

Verðmæti gjafar verður að reikna út sem hærri upphæð:

- raunverulegs kostnaðar (þ.e. hvað það kostar að kaupa gjöfina); og
- sanngjarns markaðsvirðis gjafarinnar (t.d. hvað raunsær einstaklingur myndi greiða fyrir gjöfina).

Verðmæti afþreyingar er samanlagður raunverulegur kostnaður afþreyingarinnar deilt í fjölda þátttakenda.

### ATHUGIÐ:

Ef gjöfin eða afþreyingin er veitt af þriðja aðila og kostnaðurinn liggur ekki fyrir á að framkvæma raunsætt mat á verðmætinu.

### 2.7 Hámörk lands

Forstjóri fyrirtækis innan samstæðunnar sem ber ábyrgð á ákveðnu landi ásamt yfirmanni eftirlitssviðs á heimsvísu ákvarða mörkin fyrir landið.

- Forstjórinn innan samsteypunnar þarf að miðla upplýsingum um þessi háörk til allra viðkomandi starfsmanna og helstu verktaka í því landi.
- Yfirmaður eftirlitssviðs á heimsvísu verður að skrá slík háörk á á *Kynningarsíðu eftirlitssviðs Rio Tinto* – gegn spillingu.

### ATHUGIÐ:

- Fyrir hvert land verður hámark sett fyrir fulltrúa stjórnvalda og annað fyrir aðra þriðju aðila.
- Í löndum þar sem ekkert hámark er sett gildir setta hámarkið, sem kveðið er á um á *Kynningarsíðu* eftirlitssviðs Rio Tinto.
- Hámörk lands gilda fyrir starfsmenn Rio Tinto sem heimsækja landið.
- Þessi staðall hamlar á engan hátt fyrirtækjum innan samstæðunnar við að setja lægri háörk fyrir starfsmenn sína og helstu verktaka í því landi. Í þessum tilfellum þarf að miðla upplýsingum um lægri háörk reglulega til viðeigandi starfsmanna og helstu verktaka og bera þau undir yfirmann eftirlitssviðs á heimsvísu.

### 3.0 Stjórnmalapátttaka

#### ***Rio Tinto tekur ekki þátt í flokkapólitík. Fyrirtækið innir hvorki af hendi greiðslur til stjórnmalaflokka né til einstakra stjórnmalamanna.***

##### **Við tökum ekki þátt í stjórnmalum.**

Fyrirtæki samstæðunnar mega hvorki með beinum né óbeinum hætti taka þátt í flokkapólitík né inna af hendi greiðslur til stjórnmalaflokka, einstakra stjórnmalamanna né pólitískra frambjóðenda.

##### **Starfsmenn geta tekið þátt í stjórnmalum, en einungis á eigin vegum.**

Fyrirtæki samstæðunnar mega ekki hamla starfsmönnum né helstu verktökum frá því að taka þátt í hinu pólitíska ferli sem fullkomlega einstaklingsbundnir ríkisborgarar þegar þátttakan felur ekki í sér fjármagn Rio Tinto, eignir, bolmagn, tíma né annað starfsfólk.

##### **Starfsmenn Rio Tinto mega ekki:**

- nota fjármagn Rio Tinto, eignir, bolmagn, tíma né annað starfsfólk, þ.m.t. framlög í formi rekstrarvara, búnaðar eða þjónustu, til að inna af hendi pólitísk framlög, né aðstoða nokkurn stjórnmalaflokk, einstaka stjórnmalamann né pólitíska frambjóðendur;
- nota fjármagn Rio Tinto til að inna af hendi greiðslur, lánagreiðslur, gjafaframlög né gjafir til stjórnmalaflokka, einstakra stjórnmalamanna né pólitískra frambjóðenda;
- nota fjármagn Rio Tinto til að greiða fyrir aðgöngueyri á ráðstefnur, í kvöldverði eða á svipaða viðburði sem skipulagðir eru af stjórnmalaflokkum, einstökum stjórnmalamönnum, pólitískum frambjóðendum eða stuðningsmönnum þeirra, né kaupa málgögn þeirra þegar það felur í sér fjársöfnun;
- útvega stjórnmalamönnum, pólitískum frambjóðendum né starfslíði þeirra ferðir og gistingu, nema í samræmi við þennan staðal;
- nota fjármagn Rio Tinto til að koma til móts við framlög frá stjórnmalaflokkum, einstökum stjórnmalamönnum né pólitískum frambjóðendum;
- innan tíma Rio Tinto, eða með notkun Rio Tinto fjármagns, eigna, bolmagns né starfsfólks, mæla með því við aðra starfsmenn né helstu verktaka, með beinum eða óbeinum hætti, að þeir styðji eða gefi af sér til stjórnmalaflokka, einstakra stjórnmalamanna né pólitískra frambjóðenda; né
- nota fjármagn Rio Tinto til að inna af hendi greiðslur til samtaka sem eru yfirsýn yfir stjórnmalaflokka, einstaka stjórnmalamann eða pólitíska frambjóðendur, eða sem veita tækifæri til að beina fé til þeirra.

Sýnið aðgætni við skipun fulltrúa stjórnvalda. Fyrirtæki samsteyppunnar mega ekki, án samþykkis forstjóra fyrirtækisins:

- skipa stjórnmalamann né fulltrúa stjórnvalda sem ráðgjafa; né
- skipa stjórnmalamann né fulltrúa stjórnvalda (og ekki heldur stjórnmalamann eða fulltrúa stjórnvalda sem er farinn á eftirlaun eða hættur störfum innan 12 mánaða frá skipun) í stöðu innan fyrirtækisins.

##### **ATHUGIÐ:**

Nefndir sem standa fyrir stjórnmalaaðgerðum í Bandaríkjunum eru ræddar í Leiðbeiningum gegn spillingu.

## 4.0 Framlög í góðgerðarskyni og kostun

**Rio Tinto veitir ekki framlög í góðgerðarskyni né innir af hendi greiðslur sem hægt væri að túlka sem mútur eða greiðslur til að ná fram óeðlilegri fyrirgreiðslu í viðskiptum.**

### ATHUGIÐ:

Ekkert í þessum hluta dregur úr markmiði okkar um að byggja traust sambönd við nágranna okkar byggja á gagnkvæmri virðingu, virku samstarfi og langtíma skuldbindingu.

Eftirfarandi skilgreiningar gilda vegna þessa hluta:

**Framlög í góðgerðarskyni** þýða framlög til góðgerðarsamtaka (þ.m.t. akademískra stofnana eins og háskóla), framlög í góðgerðarskyni, gjafir í góðgerðarskyni og aðgerðir af mannúðarástæðum.

**Framlög** eiga við lítið eða mikið auðlinda (tíma, fjármuna, eigna eða einstaklinga) sem veitt eru af fúsum og frjálsum vilja samtökum (góðgerðarsamtökum eða öðrum) eða einstaklingum til að styðja málstað eða framtak þar sem ekki er búist við neinum hagnaði í staðinn. Framlög eru ólík kostun, sem veitir viðskiptahagsbætur.

**Kostun** vísar til stuðnings fyrir viðburð, framtak eða samtök (þ.m.t. akademískar stofnanir eins og háskóla) með veitingu fjármagns, eigna og/eða annars bolmagns, í skiptum fyrir ákveðin réttindi, hagsbætur eða tengingar sem hægt er að nýta sér. Kostun er ætlað að vera hagkvæm báðum aðilum. Hún getur verið af lítilli eða mikilli stærðargráðu. Kostun kann að vera einstök fjárfesting eða hluti af lengri tíma skuldbindingu. Hægt er að nota kostun til að kynna skuldbindingu fyrir samfélagshópi á staðnum eða til að treysta í sessi gildi samstæðunnar.

Ekki má inna af hendi framlög í góðgerðarskyni og kostun til að ná fram óréttlátri fyrirgreiðslu. Framlög í góðgerðarskyni og kostun þurfa að eiga sér stað fyrir lögmæt markmið; þau mega ekki vera dulbúnar mútur.

Ekki má veita framlög í góðgerðarskyni til einstaklinga. Fyrirtæki samstæðunnar mega einungis veita framlög í góðgerðarskyni eða kostun (og greiðslur sem tengjast þessu) til samtaka, klúbba, félaga, samtaka sem ekki eru rekin vegna gróðahagsmuna, samtaka sem rekin eru af öðrum en ríkinu/sveitarfélögum, annarra viðskiptasamtaka með grasrótartengingu og/eða akademískra stofnana eins og háskóla, sem öll eru opinberlega skráð sem slík.

**Framlög til góðgerðarmála og kostun mega ekki tengjast stjórnámum.** Fyrirtæki samstæðunnar mega ekki inna af hendi framlög í góðgerðarskyni né kostun til samtaka sem tengjast stjórnámalflokkum eða stjórnámamönnum.

Framlög í góðgerðarskyni og kostun þurfa að vera:

- leyfileg lögum samkvæmt;
- réttilega skráð í bókhald og skýrslur fyrirtækisins;
- í góðgerðar- eða samfélagslegu skyni; og
- fyrirfram samþykkt af flokki C (framkvæmdastjóra/forstjóra) eða ofar.

Kostun þarf að vera skráð með gagnsæjum hætti í samning við samtökin.

## Hluti B – Frekari málefni er varða stjórn samstæðunnar

### 5.0 Að tilkynna um mútur, spillingu og brot

#### Allir innan Rio Tinto bera ábyrgð á að tilkynna brot á þessum staðli.<sup>2</sup>

Eftirfarandi skilgreiningar gilda fyrir þennan hluta:

**Viðvörðunarkerki** þýðir allar vísbendingar sem gefa til kynna mútur eða skort á eftirfylgni við þennan staðal, eða *þannig vinnum við*, viðskiptaheilindi fulltrúa, ráðgjafa, verktaka eða samning samstarfsaðila við Rio Tinto.

**Sýndu árverkni og talaðu.** Rio Tinto starfsmenn verða að sýna árverkni gagnvart viðvörðunarkerkjum varðandi mútur og spillingu og að bera slík viðvörðunarkerki upp við millistjórnendur sína eða háttsettari yfirmenn.

**Tilkynningar eru lykillinn að eftirfylgni.** Allir starfsmenn Rio Tinto sem vita um, eða hafa áhyggjur af aðgerðum, eða grunsamlegu athæfi sem kann að vera brot á þessum staðli, verða að tilkynna málið til millistjórnandans síns. Ef þú telur óviðeigandi að tilkynna það millistjórnandanum, þarft þú að tilkynna það öðrum stjórnanda, sem gegnir hærri stöðu en þú. Einstaklingurinn sem fær tilkynninguna verður svo að tilkynna málið til hæstsettasta framkvæmdastjóra einingarinnar.

**Tilkynntu ætíð um það ef þú ert beðin(n) um að taka þátt í ólöglegum aðgerðum.** Allir starfsmenn Rio Tinto sem:

- leitað er til, beint eða óbeint, til að taka þátt í aðgerðum sem tengjast mútum eða spillingu; eða
- grunar að athæfi tengist mútum eða spillingu,

þurfa að tilkynna það umsvifalaust til millistjórnandans síns.

MUNID:

Að þú getur:

- talað við yfirmann þinn eða verkstjóra – þetta er oft besti einstaklingurinn til að hafa fyrst samband við; eða
- haft samband við eftirlitssvið Rio Tinto; eða
- notað *Speak-OUT*, tilkynningalínuna okkar.

Fyrir frekari upplýsingar, vinsamlega sjáðu leiðbeiningarnar í Verkfærakistunni gegn spillingu.

### 6.0 Að tilkynna til háttsettra yfirmanna og rannsóknir

#### Grunuð brot verður að rannsaka.

Láttu rétta fólkið vita þegar mál koma upp. Fyrirtæki samstæðunnar verða að tryggja að koma málum sem starfsfólk Rio Tinto tilkynnir þeim áleiðis. Yfirmenn verða að tilkynna avarlegan grun, ásakanir, tilkynningar um brot eða brot á þessum staðli eins og um svik væri að ræða – sjá hluta 3.3.1 af *Reglur gegn svikum og leiðbeinandi athugasemdir*. Að auki verða fyrirtæki samstæðunnar að tilkynna yfirmanni eftirlitssviðs á heimsvísu og yfirmanni tryggingamála (Corporate Assurance) það umsvifalaust ef málið ber vott um alvarlega bresti í innra eftirliti að þeirra mati – sjá hluta 3.4.1 af *Reglur gegn svikum og leiðbeinandi athugasemdir*.

**Rannsóknir á vegum fyrirtækja samstæðunnar.** Fyrirtæki samstæðunnar verða að framkvæma rannsóknir á öllum slíkum málum – sjá efnisgreinar frá 4.1.4 til 4.1.13 af Rio Tinto stöðlunum staðli Rio Tinto um eftirfylgni og staðli Rio Tinto um rannsóknir á ásökunum um alvarleg brot.

<sup>2</sup>Háð landslögum

## 7.0 Bókhald og skjöl og innra eftirlit

### Bókhald og skjöl Rio Tinto verða að vera nákvæm.

Skráð greiðslur ætíð rétt og með gagnsæjum hætti. Fyrirtæki samstæðunnar þurfa að vinna eftir nýtingargóðu kerfi fyrir innra eftirlit, þ.m.t. fjármálaeftirlit, bókhald og skatteftirlit, til að tryggja að bókhald og skjöl séu rétt og veiti rétta og sanngjarna yfirsýn á málefni fyrirækisins, einnig til að koma í veg fyrir:

- mútur og spillingarathæfi;
- óskráð, misskráð eða leynilegt bókhald; og
- tilkomu skjala þar sem ekki er réttilega skráð, né með sanngjörnum hætti, hvert færslurnar vísa, og þar sem færslur sem ætti að skrá eru undanskildar.

#### Yfirmenn eru ábyrgir fyrir eftirfylgni.

Millistjórnendur bera ábyrgð á að tryggja að viðeigandi innra eftirlit sé til staðar til að koma í veg fyrir og koma auga á brot á þessum staðli. Hluti 3.4.1 í *Reglur gegn svikum og leiðbeinandi athugasemdir* á við um þennan staðal.

Íhugaðu ætíð hættu á spillingu í nýjum verkefnum og nýjum löndum. Öll fyrirtæki samstæðunnar þurfa, áður en þau byrja á öllum verkefnum eða nýjum aðgerðum í útnefndu landi, að takast á hendur áhættugreiningu um eftirfylgni, með sérstakri áherslu á heilindi viðskiptanna og því efni sem þessi staðall nær yfir. Áhættugreiningin þarf að vera skjalfest – sjá hluta 2.1 í *Staðli Rio Tinto um eftirfylgni*.

#### ATHUGIÐ:

Útnefnd land er skilgreint hugtak.

Tap og sektir eru rúkuð á hverjum stað. Öllu tapi sem rekja má til brota á þessum staðli þarf að ráðstafa á móti gróða/kostnaðarmiðstöð þar sem atvikið átti sér stað.

Ræðið og yfirfarið reglulega eftirlit með spillingu. Þegar fyrirtæki samstæðunnar halda málþing um eftirlit verða þau að hafa á dagskrá mál er varða heilindi í viðskiptum, þ.m.t. mútur og spillingu.

## 8.0 Fræðsla til að draga úr áhættunni á skorti á eftirfylgni

### Yfirmenn í stöðum sem kann að mæða mikið á gegn spillingu verða að hljóta fræðslu til að draga úr áhættunni á skorti á eftirfylgni við þennan staðal.

Eftirfarandi skilgreiningar gilda fyrir þennan hluta:

**Sérleg ábyrgðarstaða** hefur þá merkingu sem henni er gefin í Staðli Rio Tinto um eftirfylgni.

**Sérlegar ábyrgðarstöður** eru m.a.:

- allir starfsmenn Rio Tinto sem eru líklegir til að standa frammi fyrir þýðingarmiklum spillingarmálum í starfi sínu. Þetta væru m.a. þeir sem taka þátt í ákvarðanatökum fyrir markaðsmál og innkaup, tollafgreiðslu, kaup og sölu fyrirtækja eða þýðingarmikilla eigna, lögfræðilega ráðgjafa og meðlimi í könnunarhópum sem eiga samskipti við eftirlitsyfirvöld sem fyrirtækið hefur ekki átt samskipti við áður, og þar sem slíkar stöður eru í útnefndum löndum, eða eiga viðskipti við þau.
- millistjórnendur þessara starfsmanna Rio Tinto; og
- allir starfsmenn í stöðum innan flokks C eða ofar, burtséð frá staðsetningu eða stöðu.

#### ATHUGIÐ:

Útnefnt land er skilgreint hugtak.

#### Hvert fyrirtæki samstæðunnar þarf:

- á grundvelli áhættugreiningar að ákvarða hvaða stöður eru sérlegar ábyrgðarstöður og að tilgreina hvaða starfsmenn og helstu verktakar gegna þeim. Hluti 3.5.1 af *Reglur gegn svikum og leiðbeinandi athugasemdir* gildir fyrir þennan staðal (m.a. fræðsla á netinu fyrir sérlegar ábyrgðarstöður);
- að ákvarða hvaða sérlegu ábyrgðarstöður eru þær sem reynir mikið á;
- að tryggja að starfsmenn í sérlegum ábyrgðarstöðum sem reynir mikið á hljóti leiðbeinendafræðslu gegn spillingu sem eftirlitssvið Rio Tinto skipuleggur (með því millibili sem kveðið er á um – sjá efnisgreinar 3.1.4 að 3.1.8 í *Staðli Rio Tinto um eftirfylgni*;
- að tryggja að allir starfsmenn eða helstu verktakar sem fluttir eru til útnefnds lands fái leiðbeinendafræðslu gegn spillingu sem eftirlitssvið Rio Tinto (Rio Tinto Compliance) skipuleggur áður en þeir koma í landið;

## 8.0 Fræðsla til að draga úr áhættunni á skorti á eftirfylgni – framhald

- e) að tryggja:
- i. að fræðsla þeirra sem gegna sérlegum ábyrgðarstöðum sem mælir mikið á gegn spillingu sé tafarlaust skráð á Kynningarsíðu eftirlitssviðs Rio Tinto, og
  - ii. að uppfærður listi starfsmanna og helstu verktaka sem gegna þessum stöðum sé skráður og honum skilað til eftirlitssviðs Rio Tinto (Rio Tinto Compliance) í gegnum ferlið sem lýst er á *Kynningarsíðu eftirlitssviðs Rio Tinto gáttinni (Compliance community) – gegn spillingu*.

## 9.0 Samrekstrarfyrirtæki

***Rio Tinto vill að í öllum viðskiptum þar sem samstæðan á hagsmuna að gæta, verði innleiddir staðlar gegn spillingu og þeim fylgt eftir.***

Eftirfarandi skilgreiningar gilda fyrir þennan hluta:

**Staðlar Rio Tinto um heilindi í viðskiptum** eru m.a. *Þannig vinnum við, þessi staðall, Staðall um heilindi í viðskiptum vegna hagsmunaárekstra og Staðall um áreiðanleikakönnun á þriðja aðila.*

### 9.1 Hvert fyrirtæki samstæðunnar þarf:

- að tryggja að öll fyrirtæki þess sem eru hluti af Rio Tinto samstæðunni innleiði og fylgi eftir stöðlum Rio Tinto um heilindi í viðskiptum; og
- fyrir fyrirtæki sem nýlega hefur verið keypt eða er nýlega komið í meirihlutaeign og/eða fyrirtæki sem lúta stjórn Rio Tinto:
  - að hafa með í samningsbundna fyrirkomulaginu ákvæði (svipuð ákvæðunum í *Verkfærakistunni gegn spillingu*) sem kveða á um að fyrirtækið verði að innleiða og fara eftir stöðlum Rio Tinto um heilindi í viðskiptum; og
  - að tryggja að fyrirtækið fari eftir ákvæðunum í samningsbundna fyrirkomulaginu og stöðlum Rio Tinto um heilindi í viðskiptum.

Þegar ekki er hægt að setja slík ákvæði í samningsbundið fyrirkomulag:

- þurfa forstjóri fyrirtækisins innan samsteypunnar og yfirmaður eftirlitssviðs á heimsvísu að samþykkja form ákvæðanna sem á að innleiða; og
- þarf að leita ráða hjá aðilanum sem samþykkir samningsupptöku fyrirkomulagsins (t.d. stjórninni, fjárfestingarnefndinni) varðandi samningstöðuna í þessu tilfelli.

Þegar ekki er um neitt samningsbundið fyrirkomulag að ræða (t.d. við yfirtöku á markaðnum):

- þurfa forstjóri fyrirtækisins innan samsteypunnar og yfirmaður eftirlitssviðs á heimsvísu að samþykkja tímaáætlunina fyrir fyrirtækið að innleiða og fara eftir stöðlum Rio Tinto um heilindi í viðskiptum.

## 9.0 Samrekstrarfyrirtæki – framhald

### 9.2 Fyrir öll ný fyrirtæki þar sem fyrirtæki samstæðunnar fara með minnihlutahagsmuni og/eða sem lúta ekki stjórn Rio Tinto, þarf hvert fyrirtæki samsteyppunnar:

- að leitast við að setja í samningsbundna fyrirkomulagið ákvæði (svipuð ákvæðunum í Verkferakistunni gegn spillingu) sem krefjast þess að fyrirtækið innleiði og fari eftir reglum og stöðlum sem eru efnislega svipaðir stöðlum Rio Tinto um heilindi í viðskiptum;
- þegar ekki er hægt að innleiða slík ákvæði í samningsbundið fyrirkomulag,
  - þurfa forstjóri fyrirtækis samsteyppunnar og yfirmaður eftirlitssviðs á heimsvísu að samþykkja form ákvæðanna sem á að innleiða; og
  - þarf að leita ráða hjá aðilanum sem samþykkir samningsupptöku fyrirkomulagsins (t.d. stjórninni, fjárfestingarnefndinni) varðandi samningsstöðuna í þessu tilfalli; og
- þarf að fylgjast vel með samstarfsaðilanum og samrekstrarfyrirtækinu til að vera í viðbragðsstöðu gagnvart öllum auknum spillingarhættum og/eða skorti á eftirfylgni við ákvæðin sem innleidd hafa verið í samningsbundna fyrirkomulagið.

### Skrá um breytingar

#### Samþykki fyrir útgáfu:

Stjórn Rio Tinto

#### Eigandi skjals:

Eftirlitssvið Rio Tinto

### Skrá um breytingar

Útgáfa nr.	Útgáfudagur	Tegund umbóta	Upphafsstafir
Leiðbeiningar um heilindi í viðskiptum	2005		
Staðall um heilindi í viðskiptum (gegn spillingu)	1 janúar 2012	Nýr staðall	NT

### Rio Tinto plc

2 Eastbourne Terrace  
London W2 6LG  
Bretland

S +44 (0)20 7781 2000

### Rio Tinto Limited

120 Collins Street  
Melbourne, Victoria 3000  
Ástralía

S +61 (0)3 9283 3333